

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2611  
komudagur 31.5.2010



## Fasteignaskrá Íslands

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími 515 5300 | Fax 515 5310  
fasteignaskra@fasteignaskra.is | www.fasteignaskra.is

Reykjavík, 28. maí 2010  
Tilvísun: 10050280/04.00/MH

### Efni: Frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga

Fasteignaskrá Íslands hefur verið veittur kostur á að gera grein fyrir sjónarmiðum sínum til frumvarps til laga um grunngerð landupplýsinga, 549. mál.

Fasteignaskrá Íslands tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum frumvarpsins að skort hafi á stefnumótun á sviði landupplýsinga hér á landi. Margar opinberar stofnanir hafa þurft á landupplýsingum á að halda til að rækja hlutverk sitt og til þessa hefur ekki legið fyrir vitneskja hvort forsendur séu fyrir samnýtingu upplýsinga þar sem hvergi er yfirsýn um hvers konar landupplýsingar er að finna hjá hverri stofnun. Hefur það vafalaust leitt til þess að sambærilegar upplýsingar hafa margoft verið keyptar eða safnað af ýmsu opinberum stofnunum eða sveitarfélögum.

Fasteignaskrá Íslands setti landupplýsingadeild á fót á Akureyri fyrir rúmum fjórum árum og unnið hefur verið að því að safna landupplýsingum fyrir fasteignaskrá. Má til að mynda nefna að nú liggur fyrir staðfang, þ.e. punkthnit, fyrir um 98% íbúðarhúsnæðis og 82% sumarhúsa. Markmið er að safna staðföngum fyrir hvers kyns byggingar og samstarf er við Hagstofu Íslands og Þjóðskrá um uppbyggingu staðfangaskrár hér á landi sem fyrirhugað er að verði undir forræði Fasteignaskrár Íslands.

Um þessar mundir er unnið að undirbúningi og gerð nýs landskráningarkerfis fyrir öll lönd og lóðir í fasteignaskrá og verður kortahluti, sem sýnir hnitsett eignamörk fasteigna hluti þess kerfis. Kortahlutinn mun verða til notkunar í fyrsta lagi fyrir alla skráningaraðila, en þeir eru sveitarfélög, Fasteignaskrá Íslands, sjávarútvegs- landbúnaðaráðuneyti og þinglýsingastjórar sýslumannsembættis, í öðru lagi fyrir almenning og í þriðja lagi fyrir áskriftaraðila. Í dag hefur almenningur gjaldfrjálsan aðgang að loftmyndum á heimasíðu stofnunarinnar og áskriftaraðilar einnig í gegnum áskrift sína.


Með vísan til þess og með hliðsjón af því að stofnunin fluttist undir dómsmála- og mannréttindaráðuneytis, sem fer m.a. með málaflokka landamerkja, eignamarka og landskipta, þann 1. október sl. er lagt til dómsmála- og mannréttindaráðuneyti verði falið að tilnefna fulltrúa í samræminganefnd skv. 10. gr. frumvarpsins vegna grunngerðar landupplýsinga.

Fasteignaskrá Íslands vill vekja athygli á því að rekstur stofnunarinnar hefur frá ársbyrtjun 2009 verið alfarið fjármagnaður af eigin tekjum stofnunarinnar og skiptir því stofnunina

miklu að tekjur hennar skerðist ekki við tilkomu landupplýsingagáttar skv. 5. gr. frumvarpsins.

Að framangreindu virtu styður Fasteignaskrár Íslands framgang þessa frumvarps.

F.h. Fasteignaskrár Íslands



Margrét Hauksdóttir  
aðstoðarforstjóri